



# *SI*

*Sterkur bakhjarl  
í síbreytilegu  
umhverfi*


*Kynningarrit um Samtök iðnaðarins - Vor 2006*

# MIKILVÆGIR HAGSMUNIR




**Iðnaðurinn skipar mikilvægan sess í atvinnulífi þjóðarinnar og flest bendir til að hann muni í vaxandi mæli standa undir velferð okkar í framtíðinni.**

## Verðmætasköpun




Verðmætasköpun 2005. Heimild: Hagstofa Íslands.

## Störf á Íslandi



Störf á Íslandi 2005. Heimild: Hagstofa Íslands og áætlun SI.

## Gjaldeyrstekjur




Gjaldeyrstekjur 2005. Heimild: Hagstofa Íslands.

Aldrei áður hafa íslensk fyrirtæki staðið frammi fyrir eins miklum breytingum á starfsumhverfi sínu og um þessar mundir. Þar skiptir framvindan í Evrópumálum mestu. EES-samningurinn hefur gjörbreytt öllum starfsskilyrðum. Ísland er hluti af innri markaði ESB sem hefur í senn fært ný tækifæri og frelsi í viðskiptum en um leið aukna samkeppni sem krefst meiri hagkvæmni og betri rekstrar.

Þörfin fyrir traustan bakhjarl hefur sjaldan eða aldrei verið brýnni. Fyrirtæki í iðnaði og þjónustu geta leitað til Samtaka iðnaðarins sem þekkja vel þarfir þeirra, bjóða faglega þjónustu og hafa vakandi auga með að starfsskilyrði séu ávallt eins hagstæð og verða má.

# STERKT NET



**Samtökum iðnaðarins má líkja við þéttriðið net sem gætir flókinna og margbreytilegra hagsmuna iðnfyrirtækja. Þau eru allt í senn þjónustunet, samskiptanet, upplýsinga- og öryggisnet.**

Innan Samtaka iðnaðarins eru um 1.100 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda. Þau eru mjög ólík innbýrðis, hvort sem litið er til stærðar, framleiðslu eða markaða. Þessi mikla fjölbreytni gerir starfið í senn vandasamt og nauðsynlegt. Þess er gætt að leggja áherslu á það sem er sameiginlegt en um leið hlúð að því sértæka. Þetta hefur tekist með svo farsælum og árangursríkum hætti að Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda í landinu.



Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum og í nánu samráði við fyrirtækin sjálf. Byggt er á markvissri stefnumótunarvinnu níu starfsgreinahópa og á þriðja tug félaga. Þjónusta við félagsmenn er annars vegar við einstök fyrirtæki og starfsgreinahópa en hins vegar þverfagleg, s.s. í gæðamálum, menntamálum og markaðs- og kynningarmálum.

## **Meðal þess sem Samtökin fást við er að:**

- Bæta almennt rekstrarumhverfi með því að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda
- Fylgjast með alþjóðlegri þróun í atvinnurekstri
- Fylgjast með og hafa áhrif á stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna, einkum gagnvart ESB
- Stuðla að hagkvæmum rekstri með því að innleiða nýjar og bættar aðferðir við stjórnun og rekstur
- Gæta þess að farið sé að reglum á markaði
- Efla samstarf fyrirtækja
- Veita þjónustu og ráðgjöf

# ÞEKKING OG ÞJÓNUSTA



**Átta manna stjórn Samtaka iðnaðarins er kosin árlega. Hjá SI eru 22 starfsmenn, hver um sig með mikla reynslu og þekkingu á sínu sviði. Saman mynda þeir öflugt teymi sem vinnur af krafti að málefnum starfsgreina, aðildarféлага og fyrirtækja innan SI.**

*Stjórn Samtaka iðnaðarins, kosin á Iðnþingi 17. mars 2006:*



Helgi  
Magnússon  
formaður



Hörður  
Arnarson  
varaformaður



Aðalheiður  
Héðinsdóttir  
ritari



Anna María  
Jónsdóttir



Ingvar  
Kristinsson



Loftur  
Árnason



Sigurður  
Bragi  
Guðmundsson



Þorsteinn  
Víglundsson

*Starfsfólk Samtaka iðnaðarins:*



**Árni  
Jóhannsson (ÁJ)**

arni@si.is - b.s. 591 0119

Félag jarðvinnuverktaka  
Félag vinnuvélaeigenda  
Meistarafélag bólstrara  
Félag húsgagna- og innrétt.frl.  
Samtök ísl. húshlutafrl.

---

Opinber innkaup  
Útboðsmál  
Flutningar og samgöngur



**Ásgeir  
Magnússon**

asgeirm@est.is - s. 464 9960

Skrifstofa atvinnulífsins  
á Akureyri  
Strandgötu 29

---

Almenn þjónusta  
við aðildarfyrirtæki  
á Norðurlandi



**Bjarni Már  
Gylfason (BG)**

bjarni@si.is - b.s. 591 0120

Hagtölur  
Efnahagsmál  
Starfsskilyrði

---

Stóriðja



**Bryndís  
Skúladóttir (BS)**

bryndis@si.is - b.s. 591 0113

Umhverfis- og gúmmíiðnaður  
Líftækniíðnaður  
Efnaiðnaður

---

Umhverfismál  
Orkumál



**Brynjar  
Ragnarsson**

brynjar@si.is - b.s. 591 0128

Markaðsmál  
Kynningarmál  
Skipulag ráðstefna og sýninga  
Hönnunarmál



**Dagmar Elín  
Sigurðardóttir**

dagmar@si.is - b.s. 591 0129

Bókari  
Álagning félagsgjalda  
Innheimta

**II Sterk staða SI og jákvætt viðhorf  
félagsmanna til þjónustu og málflytninga  
SI bendir til að starf okkar skili árangri II**



**Davíð  
Lúðvíksson (DL)**

forstöðumaður  
Starfsgreinar, þjónusta og þróun  
david@si.is - b.s. 591 0114

**Nýsköpun  
Gæðastjórnun  
Staðlar**

---  
**Heilbrigðistæknivettvangur  
Samtök sprotafyrirtækja  
Tækni- og rafeindaíðnaður**



**Eyjólfur  
Bjarnason (EB)**

eyjolfur@si.is - b.s. 591 0118

**Starfsgreinahópur í mannvirkjagerð  
Félag byggingaverktaka  
Félög meistara í byggingagreinum  
- sjá nánar á síðu 15  
Félag skráðgarðyrkjumeistara  
Lagnadeild SI**

---  
**Bygginga- og skipulagsmál  
Menntamál í byggingariðnaði  
Útboðsmál**



**Ferdinand  
Hansen (FH)**

ferdinand@si.is - b.s. 591 0127

**Plastiðnaður  
Landssamband veiðarfæragerða**

---  
**Gæðakerfi í byggingariðnaði  
Gæðakerfi SI  
Gæðastjórnun**



**Guðmundur  
Ásmundsson (GÁ)**

gudmundur@si.is - b.s. 591 0115

**Starfsgreinahópur  
í upplýsingatækni  
og hugbúnaðariðnaði**

---  
**Upplýsingasamfélagið  
- upplýsingatækni  
Ritstjórn www.ut.is**



**Haraldur  
Dean Nelson (HDN)**

nelson@si.is - b.s. 591 0116

**Starfsgreinahópur í prentiðnaði**

---  
**Menntamál í prentiðnaði  
Upplýsinga- og tölvumál  
Ritstjórn vefsetra SI  
Ritstjórn Íslensks iðnaðar  
Fjölmíðlatengsl**



**Ingi Bogi  
Bogason**

ingi.bogi@si.is - b.s. 591 0126

**Menntamál  
Starfsþróun**



**Ingólfur  
Sverrisson (ISV)**

ingolfur@si.is - b.s. 591 0112

**Starfsgreinahópur í málmíðnaði  
Félag blikksmiðjueigenda  
Málmur - samtök fyrirtækja  
í málm- og skipaiðnaði**

---  
**Menntamál í málmíðnaði**




**Jón Steindór  
Valdimarsson (JSV)**

aðstoðarframkvæmdastjóri  
jon@si.is - b.s. 591 0122

**Almenn starfsskilyrði iðnaðar  
Alþjóðlegt samstarf**

---  
**Lyfjaiðnaður  
Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja**

**|| Málsvari íslensks iðnaðar  
gagnvart stjórnvöldum,  
fjölmíðlum og almenningi ||**



**Kristrún  
Heimisdóttir (KH)**

kristrun@si.is - b.s. 591 0125

**Starfsgreinahópur í þjónustuiðnaði  
Félög meistara í þjónustugreinum**  
- sjá nánar á síðu 15

---

**Lögfræðiráðgjöf  
Samkeppnis- og ágreiningsmál  
Fyrirtækjalöggjöf**



**María  
Hallbjörnsdóttir**

maria@si.is - b.s. 591 0104

**Gjaldkeri  
Félagatal  
Aðstoð við aðildarfélög SI**



**Ragnheiður  
Héðinsdóttir (RH)**

ragnheidur@si.is - b.s. 591 0117

**Starfsgreinahópur í matvælaiðnaði  
Landssamband bakameistara  
Fóðuriðnaður  
Efnaiðnaður**

---

**Menntamál í matvælaiðnaði**



**Sveinn  
Hannesson (SH)**

framkvæmdastjóri  
sveinn@si.is - b.s. 591 0121

**Yfirstjórn  
Fjármál  
Félagatengsl**



**Valdís  
Axfjörð**

valdis@si.is - b.s. 591 0111

**Afgreiðsla  
Sínavarsla**



**Þóra  
Guðmundsdóttir**

thorag@si.is - b.s. 591 0102

**Afgreiðsla  
Sínavarsla  
Innheimta**



**Þóra Kristín  
Jónsdóttir**

thorak@si.is - b.s. 591 0124

**Málfarsráðgjöf  
Greinarskrif  
Fjölmíðlatengsl**



**Þóra  
Ólafsdóttir**

thora@si.is - b.s. 591 0103

**Fréttabréf  
Útgáfumál  
Afgreiðsla**

# ÞRÆÐIR TIL ALLRA ÁTTA

**Starfsemi Samtaka iðnaðarins teygir sig í ýmsar áttir og tvinnast saman við margskonar félög og stofnanir. Verkefnin, sem unnið er að og þjónustan sem veitt er félögum SI, er að sama skapi fjölbreytt eins og glögg má sjá.**

## Alþjóðlegt samstarf

Íslendingar eru mjög háðir utanríkisviðskiptum og nánnum samskiptum við aðrar þjóðir. Þar skiptir aðildin að EES og tengsl Íslands við ESB mestu. Við tökum þátt í alþjóðlegu samstarfi til að fylgjast með og hafa áhrif á alþjóðlega þróun sem mótar starfsskilyrði íslenskra fyrirtækja í æ ríkara mæli.


- Aðild Íslands að ESB og upptaka evru sem gjaldmiðils í stað krónu er eitt af helstu stefnumálum SI samkvæmt stefnumótun stjórnar og ráðgjafaráðs
- Tökum þátt í Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Evrópufræðasetri viðskiptaháskólans að Bifröst
- Sækjum samráðsfundi utanríkisráðuneytisins um utanríkisviðskiptamál
- Erum virkir þátttakendur í margþættu samstarfi systursamtaka SI á Norðurlöndunum, m.a. um lögfræði, alþjóðaviðskipti, nýsköpun, þróun og málefni einstakra iðngreina
- Vinnum að hagsmunum og þátttöku iðnfyrirtækja í alþjóðlegu rannsókn- og þróunarsamstarfi
- Eigum aðild að UNICE (evrópsk iðn- og atvinnurekendasmök) sem gætir hagsmuna evrópsks atvinnulífs gagnvart ESB

## Starfsskilyrði iðnaðar

Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins í stóru sem smáu. Áhersla er lögð á að bæta starfsskilyrði og samkeppnisstöðu íslenskra iðnfyrirtækja. Við vinnum að framgangi iðnaðarins alls staðar þar sem starfsskilyrði hans eru mótuð, m.a. í samvinnu við íslensk stjórnvöld og með erlendu samstarfi.

- Stjórn efnahags- og peningamála, vextir, gengi og verðbólga eru lykilþættir í samkeppnisstöðu iðnaðarins. Þess vegna fylgjumst við náið með þeim, greinum stöðuna og veitum stjórnvöldum virkt aðhald
- Við reynum í vaxandi mæli að samræma hagsmunagæslu atvinnurekenda á sem flestum sviðum á vettvangi Samtaka atvinnulífsins, s.s. efnahagsmálum, skattamálum og umhverfismálum
- Leikreglur viðskiptalífsins verða til á Alþingi og hjá stjórnvöldum og er fylgt eftir af margvíslegum stofnunum. Við leggjum mikla áhersla á að eiga góða samvinnu við og hafa jákvæð áhrif á þessa aðila
- Alþjóðlegir samningar og ákvarðanir, sem eru teknar á sameiginlegum vettvangi, hafa æ meiri áhrif á rekstrarskilyrði iðnaðarins. Þess vegna leggjum við áherslu á að efla þátttöku Íslands á þeim vettvangi

## II SI telja að í umræðu um aðild að ESB gleymist aðalatriði málsins sem er ótvírætt hagræði atvinnulífsins II



- Lög og reglur eru nauðsynleg. Reglusetning keyrir hins vegar oft úr hófi. Við beitum okkur fyrir einföldun og grisjun laga og reglna, jafnframt því að svigrúm EES-reglna sé nýtt í þágu íslenskra hagsmuna
- Skattar eru sígilt viðfangsefni. Við berjumst fyrir afnámi vörugjalda, að allar matvörur verði í neðra þrepi virðisaukaskattsins og að reglur um virðisaukaskatt hvetji ekki til ríkisvæðingar með mismunun einka- og opinberra aðila, t.d. á sviði upplýsingatækni

### **Aðildarfélög og starfsgreinahópar - virk þátttaka og þjónusta**

Aðild að SI felur í sér að fyrirtæki taka virkan þátt í að móta sína eigin framtíð og starfsumhverfi og hafa áhrif á forgangsriðun verkefna SI í takt við sína eigin hagsmuni.

- Við stefnumótun starfsgreina höfum við þróað aðferðir sem byggjast á virkri þátttöku starfandi fyrirtækja og helstu viðskipta- og samstarfsaðila
- Í nánu samráði við félagsmenn vinnum við að margvíslegum verkefnum sem hafa orðið til í stefnumótunarvinnu, t.d. á sviði fræðslu, markaðsmála, stjórnunar, staðla, gæðamála, lögfræði, nýsköpunar og þróunar
- Fulltrúar allra aðildarfélaga og starfsgreinahópa eiga aðild að ráðgjafaráði Samtaka iðnaðarins sem tekur virkan þátt í að marka stefnu fyrir Samtökin í heild og er auk þess stjórn SI til ráðgjafar í mikilvægum málefnum
- Við veitum meistarafélögum, fagfélögum og starfsgreinahópum margvíslega þjónustu, t.d. varðandi félagaskrár, fundaraðstöðu, útgáfu- og kynningarmál, innheimtu og póstsendingar

### **Vefsetur, upplýsinga- og útgáfumál**

Fréttum, upplýsingum og fræðslu, sem varða hagsmuni iðnaðarins, er miðlað jafnt til félagsmanna, almennings og stjórnvalda. Kappkostað er að vanda til verka og nýta þá miðla sem best henta hverju sinni.

- Vefsetrið SI.IS er lifandi miðstöð upplýsinga- og fréttamiðlunar um allt er lýtur að hagsmunum iðnaðarins og starfsemi SI
- Til þess að þjóna tilteknum markmiðum eða markhópum notum við sérhæfð vefsetur í auknum mæli, t.d. IDAN.IS, UT.IS, GSI.IS og MEISTARINN.IS
- Íslenskur iðnaður er fréttabréf sem við dreifum til allra félagsmanna, auk hundruða áskrifenda sem láta sig málefni iðnaðarins varða



## II Öll félögin sjö í þjónustuiðnaðinum hafa þegið boð SI um liðsinni við gerð gæðahandbókar fyrir hvert þeirra II



- Dagbók SI hefur verið gefin út um árabíl. Auk þess að vera handhæg dagbók geymir hún grunnupplýsingar um SI og Hagtölur iðnaðarins
- Ársskýrsla SI er ítarleg samantekt á starfseminni og gefur gott yfirlit yfir fjölbreytta og gróskumikla starfsemi
- Á hverju ári gefum við út ýmis sérrit, bæklinga og kynningarefni

### Gæðastjórnun, stjórnun og rekstur

Markviss stjórnun leiðir til bættrar afkomu. Þess vegna teljum við brýnt að sem flestir tileinki sér aðferða- og hugmyndafræði gæðastjórnunar og aðstoðum félagsmenn við að taka fyrstu skrefin til að byggja upp gæðakerfi.

- Við höldum námskeið í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja
- Hjá okkur standa til boða gögn og aðstoð við að koma á gæðastjórnun
- Komið hefur verið á samstarfi við helstu opinberu verkkaupa landsins um innleiðingu gæðastjórnunar við verklegar framkvæmdir
- Félagsmönnum stendur til boða kostnaðarlíkanið Taxi sem er einfalt en öflugt tölvuforrit til að reikna vöruverð og útselda tíma út frá eigin forsendum
- Eigum aðild að Íslensku ánægjuvöginni sem mælir ánægju viðskiptavina á þjónustu tiltekinna fyrirtækja og starfsgreina
- SI eiga aðild að Vottun hf. sem veitir fyrirtækjum þjónustu á sviði gæðakerfa
- Framleiðslustjórnun í fremstu röð (World Class Manufacturing) er verkefni sem við vinnum að með hópi framleiðslustjóra úr aðildarfyrirtækjum okkar
- Microscope er heiti á aðferðafræði sem við beitum til þess að fyrirtæki geti borið rekstur sinn saman við það sem best gerist héraðs og erlendis og þannig fundið sín hagnýtu viðmið

### Lögfræðileg málefni

Ráðgjöf og aðstoð er veitt í lögfræðilegum efnum á flestum sviðum sem varða rekstur iðnfyrirtækja. Rétt mat á réttarstöðu í tæka tíð getur komið í veg fyrir fjárútlát og önnur skakkaföll síðar.

- Hjá okkur er aðgangur að almennri lögfræðiráðgjöf
- Lögfræðileg úrlausnarefni um iðn- og starfsréttindi eru oft á okkar borðum
- Við veitum ráðgjöf og leiðbeiningar á sviði útboðs- og samkeppnismála
- Fylgst er með löggjöf um einkaleyfi og alþjóðlegum samningum á því sviði
- Einföldun laga og reglugerða, t.d. á matvælasviði, er baráttumál okkar
- Réttarstaða fyrirtækja gagnvart starfsmönnum, einkum á sviði hugverkaréttinda, er vaxandi viðfangsefni hjá okkur

**II** SI telja að reglulegir fundir með iðnaðarráðherra hafi sannað að hreinskiptin samskipti atvinnulífs og stjórnvalda skila miklum árangri **II**



## **Markaðsmál, kynningar, ráðstefnur og sýningar**

Samtök iðnaðarins kynna íslenskan iðnað og mikilvægi hans fyrir almenningi, stjórnáráðgjöf og skólum, t.d. með auglýsingaherferðum, átaksverkefnum, sýningum og ráðstefnum.

- Kynning íslensks iðnaðar og þjónustu á innlendum og erlendum vettvangi er einn stærsti útgjaldaliðurinn í starfi Samtaka iðnaðarins
- Við veitum ráðgjöf á sviði markaðsmála og kynningar
- Aðstoðum starfsgreinahópa og aðildarfélög við markaðsverkefni, hönnun kynningarefnis, gerð útboðsgagna og áætlana í markaðsmálum
- Skipuleggjum átaksverkefni fyrir starfsgreinahópa og aðildarfélög, t.d. Þitt val skiptir máli, Dag iðnaðarins og Láttu ekki rúlla yfir þig
- Við stöndum fyrir innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum, sýningum og fyrirtækjamótum s.s. Matartímanum - kaupstefnu íslensks matvælaíðnaðar og UTS - málþingi um upplýsingatækni
- Erum jafnframt samstarfsaðilar við skipulag og framkvæmd ráðstefna og sýninga á fjölmörgum sviðum atvinnulífsins

## **Menntun og fræðsla**

Samtök iðnaðarins móta stefnu í verk-, iðn- og tæknimenntun ásamt yfirvöldum menntamála og ýmsum félagasamtökum. Þau eiga fulltrúa í stjórn fræðslustofnana iðnaðarins sem hafa um árabil staðið fyrir endurmenntun fagmanna og stjórnenda.

- Við eigum og rekum með öðrum: Menntafélag byggingariðnaðarins, Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins, Prenttæknistofnun og Fræðsluráð hótél- og matvælagreina
- Við eigum fulltrúa í Háskólaráði HR og eigum aðkomu að rekstri hans
- Námskeið fyrir ófaglærða. Við eigum fulltrúa í stjórn Starfsafls, starfsmenntasjóðs ófaglærðra á Flóasvæðinu, og stjórn Starfsmenntaráðs
- Við höldum á lofti mikilvægi þess að efla iðn- og verkmenntun, m.a. í samstarfi við Iðnskólafélagið
- Gildi iðnaðar, nám og störf eru kynnt á öllum skólastigum, m.a. á vefsetrinu IDAN.IS, sem hlaut Starfsmenntaverðlaun 2002
- Gerður hefur verið samningur um aðjúntkstöðu við verkfræðideild HÍ
- Unnið er að bættu iðn- og verknámi í samræmi við þarfir atvinnulífsins í starfsgreinaráðum og skólanefndum
- Samtök iðnaðarins eiga aðild að hagsmunafélagi um eflingu verk- og tæknimenntunar sem beitir sér fyrir eflingu raungreinanáms
- Menntun og fræðsla verkstjóra og millistjórnenda er viðfangsefni okkar

## II Stöðugleiki í efnahagsmálum og starfsumhverfi er nauðsynlegur þróttmiklu atvinnulífi II



### Nýsköpun og þróun

Kröftugt nýsköpunar- og þróunarstarf er forsenda framfara í iðnaði. Við eigum víðtækt samstarf við innlenda og erlenda aðila og tökum virkan þátt í stefnumótun og beitum okkur fyrir samstarfi iðnfyrirtækja, viðskiptavina þeirra og stofnana um rannsóknir, vöruþróun og lausnir viðfangsefna.


- Á Samstarfsvettvangi sjávarútvegs og iðnaðar vinnum við að því að leiða saman fyrirtæki í sjávarútvegi og iðnaði í þeim tilgangi að efla þróun á tæknibúnaði sem eykur vinnsluvirði í útgerð og fiskvinnslu
- Á Heilbrigðistæknivettvangi hvetjum við fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga til aukins innlends og erlends samstarfs um þróunar- og markaðsmál á sviði heilbrigðistækni
- Við veitum upplýsingar um innlent og erlent rannsóknasamstarf og höldum kynningar um sjóði RANNÍS, Norræna iðnaðarsjóðinn og rannsóknáætlanir ESB
- Margháttað samstarf er við Iðntæknistofnun Íslands og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og þar eigum við fulltrúa í stjórn
- Grannt er fylgst með stefnumótun og starfsemi Vísinda- og tækniráðs og við tilnefnum fulltrúa í ráð og tækninefndir á þess vegum í samráði við SA
- Við tökum beinan þátt í norrænum og evrópskum nýsköpunar- og þróunarverkefnum
- Hlutverk okkar er oft tengt fjármögnun, skipulagi, verkefnastjórnun og því að skapa farveg fyrir samskipti og verkefni fyrirtækja

### Opinber innkaup og útboðsmál

Samtök iðnaðarins veita ríki og sveitarfélögum aðhald í opinberum innkaupum. Við höfum barist fyrir því að ríki og sveitarfélög bjóði út kaup á vörum og þjónustu eftir skýrum og gegnsæjum reglum.

- Höfum árum saman beitt okkur fyrir breytingum á lögum og reglum á sviði opinberra innkaupa og útboðsmála með umtalsverðum árangri
- Við stöndum vaktina og gætum þess að farið sé að gildandi reglum og gætum hagsmuna þeirra félagsmanna sem telja á sér brotið
- Beitum okkur fyrir bættum vinnubrögðum og skýrari verklagsreglum við útboð og val verktaka
- Við stuðlum að bættum samskiptum milli seljenda og kaupenda vöru og þjónustu
- Við stöndum fyrir öflugri kynningu, t.d. með árlegu Útboðsþingi í janúar

**II Vel menntað fólk með verkfræði-, tæknifræði- og iðnmenntun er ein af forsendum þess að iðnaðurinn blómstri II**



## **Orku- og umhverfismál**

Orkustefna Samtaka iðnaðarins miðar að bættri samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar. Við teljum að bætt skipulag og lægra orkuverð stuðli að erlendri fjárfestingu hér á landi og ýti undir notkun innlendrar orku.

- Fylgjum eftir stefnumótun skipulagsbreytingum og markaðsvæðingu raforkumarkaðarins og reynum að tryggja virka samkeppni. Markmið okkar er samkeppnisfært orkuverð miðað við nágrannalönd
- Berjumst fyrir því að íslensk fyrirtæki noti sem mest innlenda orkugjafa
- Eigum samskipti við orkuseljendur og höfum gefið út handbók um orkusparnað í fyrirtækjum
- Leitum markvisst að orkufrekum framleiðsluferlum þar sem unnt er að nota jarðvarma. Stærsta verkefnið á því sviði er svokallað Polyol-verkefni
- Gætum hagsmuna vinnuvélaeigenda og annarra stórnotenda olíu varðandi skattlagningu á olíu og upptöku olíugjalds
- Eigum fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs

## **Staðlamál og CE-merkingar**

Mikilvægi Evrópustaðla hefur aukist í tengslum við samrunaþróunina í Evrópu og vel á annan tug þúsunda hafa verið staðfestir sem íslenskir staðlar. Samtök iðnaðarins hafa frá upphafi lagt ríka áherslu á þátttöku í starfi um staðlamál og eiga fulltrúa í fagráðum og fagstjórnnum á vettvangi Staðlaráðs Íslands.

- Höfum staðið fyrir, m.a. í samstarfi við Staðlaráð Íslands, margskonar útgáfu-, fræðslu- og kynningarstarfi um staðlamál og CE-merkingar og unnið að þjónustu við starfsemi fyrirtækja í ýmsum starfsgreinum
- Veitum aðildarfyrirtækjum upplýsingar um staðla og staðlagerð og erum virkir þátttakendur í að þýða og kynna staðla á Íslandi, s.s. IST30 um verklegar framkvæmdir, ISO-9000 um gæðakerfi og HACCP staðal um öryggi matvæla
- Fylgjumst grannt með alþjóðlegri og evrópskri þróun á sviði staðla og gagnkvæmrar viðurkenningar á prófunun, eftirliti og vottun á grundvelli tilskipana ESB og alþjóðlegra staðla

## **II SI standa fyrir miklu kynningarstarfi fyrir íslenskan iðnað og einstakar iðngreinar II**



### **Útflutningur - útrás - erlend fjárfesting á Íslandi**

Aukinn útflutningur og útrás eru mikilvægir þættir í þróun og vexti íslensks atvinnulífs. Með aukinni alþjóðavæðingu hefur vægi þessara þátta í starfsemi Samtaka iðnaðarins aukist hröðum skrefum.

- Við erum meðal stofnenda Útflutningsráðs Íslands og tökum virkan þátt í starfi þess og stefnumótun
- Beitum okkur fyrir samhæfingu og samvinnu viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins - VUR og ÚÍ
- Vinnum að margvíslegum útrásarverkefnum, s.s. sýningum, stefnumótum fyrirtækja, útgáfu og kynningum erlendis
- Beittum okkur fyrir lagabreytingum til þess að efla Tryggingadeild útflutnings og þar með samkeppnisstöðu iðnfyrirtækja við útflutning vöru og þjónustu
- Eigum frumkvæði að uppbyggingu rafrænna vörulista á Netinu s.s. NAS.IS þar sem þjónusta og vörur íslenskra fyrirtækja eru kynntar með alþjóðlegan markað í huga
- Viljum greiða götu íslenskra fyrirtækja til fjárfestingar erlendis og samstarf við erlendra aðila um fjárfestingu á Íslandi í tæknifyrirtækjum og stóriðju

### **Vinummarkaðsmál**


Samtök iðnaðarins höfðu forystu um endurskipulagningu heildarsamtaka atvinnurekenda. Tilgangur okkar er sá að hagræða í rekstri, auka samvinnu atvinnurekenda og fá fram skýrari verkaskiptingu. Samtök iðnaðarins eru langstærsta aðildarfélag Samtaka atvinnulífsins.

- Starfsmenn SI og aðildarfyrirtækja taka þátt í undirbúningi og gerð kjarasamninga undir forystu og í samvinnu við SA
- Höfum haft frumkvæði að gerð staðlaðra ráðningarsamninga fyrir aðildarfyrirtæki
- Við höfum falið SA að annast túlkun, skýringar og leiðbeiningar beint til félagsmanna okkar. Vinnumarkaðsvefur SA er liður í þeirri þjónustu
- Aðild að þjónustudeild SA stendur til boða þeim fyrirtækjum sem sjálf vilja annast kjarasamninga við eigin starfsmenn. Þau fyrirtæki eiga ekki aðild að vinnudeilusjóði og greiða ekki í hann
- Samið hefur verið um að einyrkjar í meistarafélögum hafi val um aðild að heildarsamtökunum SI og/eða SA gegn greiðslu lágmarksgjalds
- Í nokkrum greinum eru gerðar kannanir á launagreiðslum og útseldri vinnu fyrir aðildarfyrirtæki og SI taka þátt í starfi Kjararannsóknarnefndar

# Vefsetur Samtaka iðnaðarins; www.si.is



# Meistarinn.is - þegar þig vantar fagmann til verksins



# EFTIRSÓTT SAMTÖK



**Um 1.100 fyrirtæki eiga aðild að SI sem eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda á Íslandi. Innan SI eru eftirtalin aðildarfélag, fagfélög og starfsgreinahópar:**

## **Efnaiðnaður** (BS)

### **Heilbrigðistækniíðnaður**

Starfsgreinahópur í heilbrigðistækniíðnaði (DL)  
Lyfjaiðnaður (JSV)

### **Húsgagnaiðnaður**

Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda (ÁJ)  
Meistarafélag bólstara (ÁJ)

### **Mannvirkjagerð**

Starfsgreinahópur í mannvirkjagerð (EB)  
Lagnadeild SI (EB)  
Félag skrudgarðyrkjumeistara (EB)  
Félag vinnuvélaeigenda (ÁJ)  
Mannvirki - félag verktaka (EB)  
Meistarafélag bygg.manna á Norðurlandi (EB)  
Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði (EB)  
Málarameistarafélagið (EB)  
Meistarafélag Suðurlands (EB)  
Múrarameistarafélag Reykjavíkur (EB)  
Samtök íslenskra húshlutaframleiðenda (ÁJ)

### **Matvælaíðnaður**

Starfsgreinahópur í matvælaíðnaði (RH)  
Landssamband bakarameistara (RH)

### **Málmiðnaður**

Starfsgreinahópur í málmiðnaði (ISV)  
Félag blikksmiðjueigenda (ISV)  
Málmur - samtök fyrirtækja  
í málm- og skipaiðnaði (ISV)

## **Plastiðnaður** (FH)

### **Prentiðnaður**

Starfsgreinahópur í prentiðnaði (HDN)

### **Stóriðja** (BG)

### **Upplýsingatækni**

Starfsgreinahópur í upplýsingatækni (GÁ)  
Samtök upplýsingatæknifyrirtækja (GÁ)

### **Ýmis iðnaður**

Endurvinnsluíðnaður (BS)  
Fóðuriðnaður (RH)  
Gúmmíiðnaður (BS)  
Landssamband veiðarfæragerða (FH)  
Samtök sprotafyrirtækja (DL)  
Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja (JSV, BS)

### **Þjónustuiðnaður**

Starfsgreinahópur í þjónustuiðnaði (KH)  
Félag hágr.- og hársk.meistara á Norðurl. (KH)  
Félag hársnyrtifólks Austurlandi (KH)  
Félag íslenskra gullsmiða (KH)  
Félag íslenskra snyrtifræðinga (KH)  
Félag meistara og sveina í fataiðn (KH)  
Ljósmyndarafélag Íslands (KH)  
Meistarafélag í hárgreiðslu (KH)  
Tannsmiðafélag Íslands (KH)  
Úrsmiðafélag Íslands (KH)

**Fangamörk umsjónarmanna starfsgreinahópa og fagfélaga innan SI eru merkt innan sviga. Sjá umsjónarmenn á síðu 4 til 6.**

# **Nokkrar góðar ástæður fyrir aðild að Samtökum iðnaðarins**



**Saman stöndum við sterkari.  
Rödd iðnaðarins heyrir  
þegar við tölum einum rómi.**

**Við erum málsvari iðnaðar á Íslandi.  
Það er hlustað á okkur.**

**Sterk samtök hafa áhrif á  
starfsskilyrði fyrirtækis þíns.**

**Við þekkjum þarfir þínar og þú átt  
greiðan aðgang að faglegri þjónustu  
á fjölmörgum sviðum.**

**Við veitum þér  
upplýsingar og ráðgjöf.**

**Hjá okkur færð þú aðgang að samstarfi  
við önnur iðnfyrirtæki til að bæta þinn  
eigin rekstur.**

**Við gætum hagsmuna þinna  
ef að þér er vegið.**



**Samtök iðnaðarins**

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is

**Sterkur bakhjarl í síbreytilegu umhverfi**